

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 24. júní 2020 í máli nr. 45/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 2. júní 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi framkvæmt þjónustu án formlegrar beiðni og krafist of hárrar greiðslu miðað við umfang verksins. Sóknaraðili krefst þess að greiðslukrafa varnaraðila verði lækkuð.

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi haft samband við fyrirsvarsmann varnaraðila í febrúar árið 2019 og óskaði eftir upplýsingum um kostnað við að teikna upp lagnir, sem þegar höfðu verið lagðar, og uppsetta ofna í 90 m² íbúðarhúsi að [...]. Varnaraðili sagðist að sögn sóknaraðila þurfa að „líta á verkið“ með pípulagnameistarum sem annaðist lagnavinnu og skoða grunnteikningar af fasteigninni, til að geta sagt til um verð. Sóknaraðili segir að varnaraðili hafi ekki gefið upp verð og hafi hún litið svo á að varnaraðili hafi ekki tekið verkið að sér enda hafi ekkert heyrst frá varnaraðila í 10 mánuði eða þar til reikningur barst frá varnaraðila að fjárhæð 327.360 kr. Sóknaraðili greinir frá því að það hafi því ekki komið í ljós fyrr en í desember 2019 að varnaraðili hafði unnið verkið þegar greiðslukrafa birtist í netbanka fyrirtækisins Z. Z er leigutaki hluta jarðarinnar sem íbúðarhúsið stendur á. Fyrirtækið hafði ekki átt í samskiptum við varnaraðila að sögn sóknaraðila né verkið unnið að beiðni fyrirtækisins. Að sögn sóknaraðila stóð til að eigandi jarðarinnar myndi greiða fyrir þjónustuna ef samið yrði um framkvæmd hennar, en jörðin er í eigu eiginmanns sóknaraðila og fyrirtækja í hans eigu.

Greiðslukrafa varnaraðila er að fjárhæð 327.360 krónur sem sóknaraðili telur of háa greiðslu fyrir verkið. Sóknaraðili hefur mótmælt reikningnum og tímaskráningu varnaraðila vegna verksins sem hún telur í ósamræmi við þá vinnu sem raunverulega var unnin. Sóknaraðili krefst þess að kærunefndin kveði upp úrskurð um sanngjarnt endurgjald fyrir þjónustuna. Varnaraðili hefur höfðað mál gegn fyrirtækinu Z fyrir Héraðsdómi Reykjaness með kröfu um greiðslu fyrir þjónustuna.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í gögnum málsins kemur fram að varnaraðili hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness gegn fyrirtækinu Z. Í málinu krefst varnaraðili greiðslu þeirrar kröfu sem deilt er um í máli þessu. Stefna varnaraðila er dagsett þann 15. maí og var málið þingfest 3. júní 2020. Kvörtun sóknaraðila barst kæruneftndinni 2. júní 2020.

Samkvæmt c. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa vísað kvörtun frá þegar ágreiningur er eða hefur verið til umfjöllunar viðurkenndra úrskurðaraðila eða dómstóla. Markmið frávísunar í slíkum tilvikum er að koma í veg fyrir að fjallað sé um sama ágreining á fleiri en einum vettvangi.

Kvörtun sóknaraðila er með hliðsjón af framangreindu vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson